

Umhverfisstofnun

Minnisblað

Viðtakandi: Umhverfisnefnd Alþingis
Sendandi: Sigurbjörg Sæmundsdóttir
Dagsetning: 9. febrúar 2004
Málsnúmer: UMH03090037
Bréfalykill: 0012

Efni: Svar við spurningum varðandi frumvarp til laga um verndun
hafs og stranda.

1. Skilgreining á óvinnsluhæfum rekstrarúrgangi - hvers vegna ekki í samræmi við athugasemdir Umhverfisstofnunar?

Hér er væntanlega átt við skilgreiningu á sorpi frá skipum. Getum fallist á athugasemd UST, þ.e.a.s.: Sorp frá skipum: Hvers kyns neysluúrgangur frá skipum, svo sem matarleifar og úrgangur frá vistarverum, svo og óvinnsluhæfur rekstrarúrgangur. Vegna þessa þarf einnig að breyta 2. ml. 10. gr. frumvarpsins til samræmis: Heimilt er þó að brenna eigið sorp frá skipum í þar til gerðum ofnum

2. Er einhver sem gefur leyfi fyrir lagningu sæstrengja og neðansjávarleiðslna?

Nei, hins vegar þarf samþykki Siglingastofnunar til þess að tryggja öryggi skipa. sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 132/1999 um vitamál.

3. Um 11. gr. Má sleppa setningunni um að heimilt sé að ákveða gjaldið sem fast gjald á hvert skip m.v. þjónustustig. Ef ekki hvers vegna og er þetta heimilt?

Tillaga að orðalagsbreytingu 11. gr. tekur mið af orðalagi 8. gr. tilskipunar um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum 2000/59/EB og tillögu sem fram kom í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í framangreindu ákvæði tilskipunarinnar segir m.a. að endurheimtukerfi kostnaðar vegna notkunar móttökuaðstöðu í höfnum skuli ekki vera þannig úr garði gert að það feli í sér hvata til losunar úrgangs frá skipum í sjó. Í því skyni skuli gilda nokkrar meginreglur m.a. að öll

skip sem fara um hafnir í aðildarríkjunum skuli leggja fram umtalsverðan skerf til að mæta þeim kostnaði sem um getur óháð raunverulegri notkun þeirri á móttökuaðstöðunni. Samt sem áður skulu gjöldin vera sanngjörn, gagnsæ og óhlutdræg og endurspeгла kostnað vegna þess búnaðar og þjónustu sem er fáanleg. Virðist því vera gert ráð fyrir þjónustugjaldi með ákveðnu svigrúmi á borð við það sem er að finna í 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, sjá einkum 2. mgr.

4. Vegna sömu greinar - hvers vegna er verið að taka skólpið á land - af hverju eru skip ekki látin losa úti á hafi.

Í tilskipun um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum 2000/59/EB er kveðið á um að hafnir hafi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, þ.m.t. skólþ. Tilskipunin er hluti af EES-samningum.

IV. viðauki Marpol hefur tekið gildi á heimsvísu og því munu erlend skip sem koma til hafnar leitast eftir því að fá að losa skólpið á land í samræmi við ákvæði Marpol þar sem þau mega ekki losa þetta í hafið. Þetta gerir þeim kleyft að koma hingað, annars myndi etv. verið dregið úr skipakomu ef ekki er mögulegt að losa skólþ.

5. Um 19. gr. - skylda Umhverfisstofnunar til að hafnirnar komi sér upp mengunarvarnabúnaði - er þetta eðlileg skylda á stofnuna?

Ráðuneytið tekur undir ábendingu umhverfisnefna um að rétt sé að breyta ákvæðinu í þá veru að Umhverfisstofnun taki að sér að hafa milligöngu um að hafnirnar fái búnað og þarf að tryggja fjárveitingu til þess. Því er lagt til að 19. gr. verði breytt þannig að UST sjái höfnum fyrir mengunarvarnabúnaði.

Tillaga að nýrri grein:

19. gr.

Svæðisráð ber ábyrgð á geymslu og viðhaldi þess mengunarvarnabúnaðar sem til staðar er í höfnum landsins og um endurnýjun á honum og tilnefnið umsjónarmann með búnaðinum og annan til vara.

Umhverfisstofnun skal hafa yfir að ráða flytjanlegum mengunarvarnabúnaði til að takast á við óhöpp utan og innan hafnarsvæða eftir því sem þörf er á. Stofnunin ákveður í samráði við viðkomandi svæðisráð, eftir því sem fé fæst til á fjárlögum, uppbyggingu og endurnýjun á nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands.